

Skýrsla

um fund amtsráðsins í Suðuramtinu 24.—25. júní 1907.

Ár 1907 24. júní var aðalfundur amtsráðsins í Suðuramtinu settur og haldinn í Reykjavík af forseta þess, fv. amtmanni J. Havsteen, ásamt amtsráðsmönnum Jóni bónda Einarssyni í Hemru (úr Vesturskaftafellssýslu), prestinum síra Skúla Skúlasyni í Odda (úr Rangárvallasýslu), prófasti síra Valdimar Briem á Stóra Núpi (úr Árnessýslu), Ágúst bónda Jónssyni í Höskuldarkoti (úr Gullbringusýslu), Þórði hreppstjóra Guðmundssyni á Neðra Hálsi (úr Kjósarsýslu) og síra Guðmundi prófasti Helgasyni í Reykholti (úr Borgarfjarðarsýslu).

Forseti lagði fram tilkynningar sýslumannanna í Skaftafellssýslu, Árnessýslu og Borgarfjarðarsýslu um kosningu amtsráðsmanna í nefndum sýslum fyrir tímabilið frá 1. júní til 31. desbr. 1907 í stað þeirra, sem úr ráðinu skyldu ganga, að enduðum kjörtíma þeirra.

Kosnir höfðu verið:

1. Fyrir Vesturskaftafellssýslu:
Amtsráðsmaður Jón bóndi Einarsson í Hemru (endurkosinn).
Vara-amtsráðsmaður síra Bjarni prófastur Einarsson á Mýrum.
2. Fyrir Árnessýslu:
Amtsráðsmaður síra Valdimar prófastur Briem á Stóra Núpi (endurkosinn).
Vara-amtsráðsmaður Ágúst bóndi Helgason í Birtingaholti.
3. Fyrir Borgarfjarðarsýslu:
Amtsráðsmaður síra Guðmundur prófastur Helgason í Reykholti (endurkosinn).
Vara-amtsráðsmaður Hjörtur Snorrason á Hvanneyri (endurkosinn).

Þessi mál komu til umræðu á fundinum:

1. Forseti lagði fram reikning yfir tekjur og gjöld jafnaðarsjóðs Suðuramtsins fyrir 1906, og var hann fenginn amtsráðsmönnum úr Rangárvallasýslu og Gullbringusýslu til endurskoðunar.
2. Forseti lagði fram reikning yfir tekjur og gjöld Styrktarsjóðs verðugra og þurfandi þjóðjarðalandseta og ekkna þeirra í Suðuramtinu fyrir 1906 og var hann falinn amtsráðsmönnum úr Árnessýslu og Vesturskaftafellssýslu til endurskoðunar.
3. Ennfremur lagði forseti fram reikning yfir tekjur og gjöld búnaðarskólans á Hvanneyri, eða reikning yfir viðskifti amtsráðsins við búnaðarskólastofnunina 1906—1907, reikning skólastjóra yfir tekjur og gjöld skólabúsins eða efnahagsreikning búsins 1906—1907, með tilheyrandi jafnaðarreikningi þess 31. maí 1907 og sjóðsreikningi skólabúsins 1906—1907.

Ennfremur var lagður fram reikningur yfir tekjur og gjöld Hvanneyrarkirkju fyrir 1905—1906, og er þessi reikningur fylgiskjal við efnahagsreikninginn, tekjul. 5, b.

Allir þessir reikningar voru fengnir amtsráðsmönnum úr Borgarfjarðarsýslu og Kjósarsýslu til endurskoðunar.

4. Þá voru framlögð og yfirfarin eftirnefnd endurrit af gjörðabókum sýslunefnda frá árinu 1906:

A, úr Vesturskaftafellssýslu frá 24. ágúst 1906,

B, úr Árnessýslu frá 10 júlí 1906,

C, úr Gullbringusýslu frá 25. ágúst 1906,

D, úr Kjósarsýslu frá 3. september 1906 og

E, úr Borgarfjarðarsýslu frá 15. ágúst 1906.

5. Forseti skýrði frá því, að hann fyrir hönd amtsráðsins hefði með brjefi, dagsettu 21. septbr. f. á., samþykkt þá ályktun sýslunefndarinnar í Kjósarsýslu, að ganga í sjálfskuldarábyrgð fyrir láni að upphæð 6500 kr., sem Seltjarnarnesshreppur tekur til þess að byggja nýtt barnaskólahús handa hreppnum, þannig, að þessi ábyrgð kæmi á eftir veði í skólahúsinu sjálfu, sem hreppnefndin setur fyrir láninu.
6. Með því kjörtími Hjartar kennara Snorrasonar á Hvanneyri sem búnaðarþingsfulltrúa Suðuramtsins er á enda, var kosið í búnaðarþingið, og var hann endurkosinn.
7. Amtsráðið samþykkti, samkvæmt lögum 23. oktbr. 1903, um breyting á lögum nr. 8 um vegi frá 13. apríl 1894, þessar hækkanir sýsluvegagjalda á árinu 1907: í Rangárvallasýslu uppi 1 kr. 75 fyrir hvern verkfæran karlmann, í Árnessýslu uppi 2 kr. 25, í Gullbringusýslu uppi 2 kr. og í Kjósarsýslu sömuleiðis upp í 2 kr.
8. Framlagt var brjef sýslumannsins í Árnessýslu, dagsett 15. maí þ. á., viðvikjandi ályktun sýslunefndarinnar, að vegurinn frá Alviðru í Ölfusi upp Grafninginn að Úlfjótuvatni yrði tekinn í tölu sýsluvega, og samþykkti amtsráðið þessa ályktun, samkvæmt lögum 13. apríl 1894 um vegi.
9. Framlagt var brjef sýslumannsins í Árnessýslu, 15. maí þ. á., um skifting 10. yfirsetukvennaumdæmis Árnessýslu, Hraungerðishrepps, í 2 umdæmi á þá leið, að bæirnir Bryðjuholt, Ás og Sólheimar yrðu neðstu bæirnir í efri hluta hreppsins, sem sjerstöku umdæmi, en Hvítárholt, Syðra Sel og Efra Sel, Grafarhverfi og Hellisholt efstu bæirnir í neðri hlutanum.
- Amtsráðið samþykkti þessa breyting samkvæmt yfirsetukvennalögum 17. desbr. 1875 þannig, að neðri hluti hreppsins skyldi vera 10. yfirsetukvennaumdæmi sýslunnar, og efri hlutinn 11. umdæmið. Eftir því breytist talan á þeim 8 umdæmum, sem þar á eftir koma.
10. Framlagðar voru skýrslur um efnahag styrktarsjóða alþýðufólks fyrir 1906 í Vesturskaftafellssýslu, Árnessýslu, Gullbringusýslu, Kjósarsýslu og Borgarfjarðarsýslu.
11. Framlagt var brjef sýslumannsins í Árnessýslu, dagsett 15. f. m., þar sem hann skýrir frá því, að sýslunefndin þar hafi mælt með því, að sæluhúsverðinum á Kolviðarhóli, Sigurði Danielssyni, verði veittur 200 kr. styrkur úr jafnaðarsjóði amtsins fyrir 1907; ennfremur var framlögð bænarskrá frá sæluhúsverðinum sjálfum.

Amtsráðið veitti sæluhúsverðinum 200 kr. styrk úr jafnaðarsjóði.

- 70 12. Amtsráðið veitti Skógræktarfélagi Reykjavíkur 100 króna styrk með því skilyrði, að nægilegt fje væri til í jafnaðarsjóði við árslok.
13. Framlagður var reikningur yfir tekjur og gjöld kvennaskólans í Reykjavík 1905—1906 og skýrsla um kensluna í skólanum 1906—1907 og um vorpróf. Amtsráðið veitti skólanum 100 kr. úr jafnaðarsjóði.
14. Þá voru aftur framlagðir reikningar yfir tekjur og gjöld búnaðarskólans á Hvanneyri, eða reikningur yfir viðskifti amtsráðsins við búnaðarskólafundunina 1906—1907, reikningur skólastjóra yfir tekjur og gjöld skólabúsins eða efnahagsreikning búsins 1906—1907, með tilheyrandi jafnaðarreikningi þess 31. maí 1907, sjóðsreikningi skólabúsins 1906—1907, og reikningi yfir tekjur og gjöld Hvanneyrarkirkju 1906—1907, sem eru fylgiskjöl með efnahagsreikningnum.

Peir tveir amtsráðsmenn, sem kosnir höfðu verið til þess að rannsaka alla þessa reikninga, höfðu endurskoðað þá, og ekkert fundið við þá að athuga.

Skýrslan um kensluna fyrir 1905—1906 var prentuð á síðastliðnum vetri og útsend til amtsráðsmanna og fleiri.

Skýrsla um kensluna 1906—1907 var ókomin.

Forseti lagði fram afhendingargjörð frá 31. maí—2. júní þ. á. á skólafunduninni á Hvanneyri í hendur landssjóði, jörðum, húsum, lausum munum og kröfum á hendur öðrum. Fyrir afhendingargjörð þessari höfðu staðið fyrir hönd amtsráðsins, auk skólastjóra, amtsráðsmaður Þórður hreppstjóri Guðmundsson dbm. á Neðra Hálsi, sem er í stjórnarnefnd skólans, og prófasturinn síra Jóhann Þorsteinsson í Stafholti, eftir sjerstakri skipun í forföllum rjetts hlutaðeiganda. Viðtakandi fyrir hönd landssjóðs var skrifstofustjóri Jón Hermannsson.

Ennfremur voru lögð fram ýms skjöl og skýrslur, snertandi skólafundunina, svo sem skýrsla yfir kostnaðinn við búnaðarskólann á Hvanneyri, stofnun hans og rekstur frá upphafi til þessa dags.

Amtsráðið samdi yfirlit yfir hinn núverandi efnahag búnaðarskólafundunarinnar, þá er hún var afhent landsstjórninni 31. maí—2. júní þ. á.:

Eignir:

1. Hvanneyri með Kvígsstöðum	kr.	26000 00
2. Hús	—	40381 00
3. Kirkjan	—	5000 00
4. Lifandi peningur	—	14593 00
5. Jarðyrkjuverkfæri, heyskaparáhöld, reiðskaparáhöld, reiðskapur m. m.	—	1423 95
6. Bækur og kensluhöld	—	739 00
7. Smíðatöl	—	171 90
8. Skip og veiðarfæri	—	326 00
	flyt kr.	88634 85

	fluttar	kr.	88634 85	70
9. Heyfirningar og búsafleifar	—		3718 39	
10. Annað lausafje	—		3051 75	
11. Útistandandi skuldir	—		359 85	
12. Í sjóði hjá skólastjóra og amtsráðsforseta	—		185 46	
		kr.	95950 30	

Skuldir:

1. Óborguð lán:

a) Við landssjóð:

Lán án afborgunar frá $24/11$ 1888 kr. 11800 00

b) Við ræktunarsjóð Íslands:

1. Eftirst. af láni frá $19/10$ 1885 kr. 432 72

2. — — — — $11/6$ 1886 — 1213 31

3. — — — — $8/9$ 1892 — 6341 56

4. — — — — $20/7$ 1894 — 2098 46

— 10086 05

c) Við Landsbankann:

Eftirst. af láni frá $29/7$ 1898 — 1000 00

d) Við Íslands banka:

1. Eftirst. af láni frá $2/11$ 1904 kr. 2000 00

2. — — — — $19/7$ 1905 — 6300 00

— 8300 00

e) Við hinn alm. kirkjusjóð:

Eftirst. af láni frá $15/1$ 1894 — 300 00

2. Mismunur eða eign — 64464 25

kr. 95950 30

Lýsti svo amtsráðið því yfir, að það samkvæmt lögum 10. nóvbr. 1905, um bændaskóla, hefði nú afhent landssjóði búnaðarskólastofnunina á Hvanneyri með öllu henni tilheyrandi, hverju nafni sem nefnast kynni, gegn því, að landsstjórnin taki að sjer allar skuldir og skuldbindingar, sem á stofnuninni hvíla.

Amtsráðið fól þar að auki forseta sinum að útgefa og undirskrifa þau afsalsbrjef, sem þurfa kynni.

15. Amtsráðið ályktaði að veita fyrverandi skólastjóra Hirti Snorrasyni á Hvanneyri 400 kr. úr jafnaðarsjóði amtsins í viðurkenningarskyni fyrir ágæta frammistöðu hans sem skólastjóra.

16. Forseti lagði fram yfirlit yfir efnahag jafnaðarsjóðs Suðuramsins með hliðsjón af tilstandandi gjöldum á yfirstandandi ári. Það, sem eftir yrði við árslok, ályktaði amtsráðið, að ganga skyldi til hins fyrirhugaða heilsuhælis fyrir berklaveika menn, þannig, að úr því yrði myndaður sjerstakur sjóður undir umsjón stjórnar heilsuhælisins, og sje $8/4$ pörtum af vöxtum hans varið

70

til að styrkja fáteka sjúklinga úr Suðuramtinu, sem ekki þiggja af sveit, en $\frac{1}{4}$ partur sje lagður við höfuðstólinn.

Amtsráðið ályktaði ennfremur, að endurskoðun og úrskurðun reikningsins yfir tekjur og gjöld jafnaðarsjóðsins fyrir 1907, og reikningsins yfir tekjur og gjöld Styrktarsjóðs verðugra og þurfandi þjóðjarðalandseta og ekkna þeirra í Suðuramtinu fyrir 1907 skyldi falin amtsráðsmönnunum úr Rangárvallasýslu og Árnessýslu.

17. Amtsráðið ályktaði, að greiða mætti úr jafnaðarsjóði 30 kr. fyrir skriftir á amtsráðsfundinum.

Fleiri mál komu ekki til umræðu og var svo fundi slitið.

J. Havsteen. Guðm. Helgason. Þórður Guðmundsson. Ágúst Jónsson.
Jón Einarsson. Skúli Skúlason. Valdimar Briem.

Amtsráð Suðuramtsins, Reykjavík 16. septbr. 1905.

J. Havsteen.

71

Útskrift

úr gjörðabók Vesturamtsins 1907.

Ár 1907, mánudaginn hinn 27. dag maímánaðar átti amtsráð Vesturamtsins fund með sjer í Stykkishólmi. Auk forseta ráðsins, Lárusar sýslumanns H. Bjarnasons, sóttu eftirfarandi amtsráðsmenn fundinn: Ásgeir bóndi Bjarnason úr Mýrasýslu, Sæmundur kaupmaður Halldórsson úr Snæfellsness- og Hnappadals-sýslu, Björn sýslumaður Bjarnarson úr Dalasýslu, síra Sigurður Jensson úr Austurbarðastrandarsýslu, síra Þorvaldur Jakobsson úr Vesturbarðastrandarsýslu og síra Páll Stephensen úr Norðurisafjarðarsýslu. Úr Vesturisafjarðarsýslu og Strandasýslu mætti enginn og forföll ekki boðuð.

1. Forseti lagði fram eftirfarandi reikninga fyrir 1906:

- a. jafnaðarsjóðsreikning
- b. búnaðarsjóðsreikning
- c. búnaðarskólasjóðsreikning og
- d. amtsbókasafnsreikning.

Amtsráðsmennirnir skiftu reikningunum milli sín til endurskoðunar, en fundu ekkert athugavert, enda voru reikningarnir úrskurðaðir rjettir án athugasemda.

2. Amtsráðið staðfesti í einu hljóði bráðabyrgðarniðurjöfnun forseta á 2600 kr. gjaldi til jafnaðarsjóðs í ár.